



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 07.02.2020

Kl.: 14:00

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin Skógarhlíð

Aðgerð: Jarðhræringar á Reykjanesskaga

Ríkislögreglustjóri lýsti yfir óvissustigi þann 26. janúar 2020 í samvinnu við lögreglustjórann á Suðurnesjum vegna jarðskjálfta og landriss við fjallið Þorbjörn.

Undanfarnar tvær vikur hefur verið unnið að gerð rýmingaráætlana og annarra viðbragðsáætlana. Vöktun jarðhræringa hefur verið aukin og stofnanir og fyrirtæki hafa unnið saman að henni.

Samantekt

- Jarðhræringar og landris – dregið hefur úr jarðskjálftavirkni og vísbendingar eru um breytt mynstur í jarðskorpuhreyfingum
- Aukin vöktun – í athugun
- Rýmingaráætlanir – í lokavinnslu
- Viðbragðsáætlanir – vinna langt komin
- Bæjaryfirvöld í Grindavík - vinna að viðbragðsáætlunum og fræðslu
- Lögregla – vinnur með öðrum við gerð viðbragðsáætlana
- Björgunarsveitir – vinna með öðrum að gerð viðbragðsáætlana og fræðslu
- Rauði krossinn – vinnur með öðrum við gerð viðbragðsáætlana og fræðslu

Staða mála

Jarðhræringar og landris

Jarðvísindamenn hittust á vísindaráðsfundi Almannavarna í dag og fóru yfir stöðu mála vegna landriss og jarðskjálftavirkni við fjallið Þorbjörn á Reykjanesskaga.

Rýnt var í þau gögn sem safnast hafa síðustu vikuna, annars vegar frá þeim mælitækjum sem fyrir voru sem og þeim sem sett hafa verið upp síðustu daga. Nýjustu gögn gefa til kynna að kvikan sem um ræðir sé á 3-5km dýpi, en dýpið var áður áætlað 3-9km. Einnig var farið yfir hugsanlega atburðarás sem gæti farið í gang ef til eldsumbrota kæmi.

Vísbendingar eru um breytt mynstur í jarðskorpuhreyfingum. Dregið hefur úr jarðskjálftavirkni undanfarna tvo sólarhringa, en enn má sjá merki um áframhaldandi landris en það er nú orðið 5 sentimetrar þar sem það er mest. Um er að ræða langtímaatburð og er reynslan af öðrum sambærilegum atburðum sú að breytingar geta orðið í landrissi viku frá viku án þess að hægt sé að fullyrða um að virknin sé að fjara út.

Á næstu dögum verður metið hvort nauðsynlegt sé að fjölga mælitækjum til að fá betri mynd á þróun mála.

Næsti fundur vísindaráðsins verður haldinn eftir viku að öllu óbreyttu.

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnun Háskólans og ÍSOR, ásamt fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, HS-Orku, Umhverfisstofnun, ÍSAVÍA og lögreglunni á Suðurnesjum.

Aukin vöktun

Í athugun að fjölga mælitækjum á svæðinu til að vakta jarðskorpuhreyfingar.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



Rýmingaráætlun

Verið er að leggja lokahönd á rýmingaráætlanir fyrir Grindavík, Svartsengi og Bláa Lónið.

Viðbragðsáætlanir

Vinna við viðbragðsáætlanir er langt komin.

Bæjaryfirvöld í Grindavík

Vinna að viðbragðsáætlunum og fræðslu bæjarbúa. Upplýsingum dreift um vef bæjarins og samfélagsmiðla. Sérstakir fundir með erlendum ríkisborgurum.

Lögreglan

Vinnur með öðrum að gerð viðbragðsáætlana.

Björgunarsveitir

Björgunarsveitir hafa tekið þátt í gerð viðbragðsáætlana.

Rauði krossinn

Hefur unnið að gerð viðbragðsáætlana og fræðslu.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild www.almannavarnir.is Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)